

REIÐHÖLLIN BORGARNESI

UMGEGNISREGLUR O.FL.

Handhafar árs- og mánaðarkorta hafa ótakmarkaðan aðgang að höllinni þegar hún er ekki í annarri skipulagðri notkun t.d. námskeið og sýningar. Miðað er við að höllin geti verið í notkun frá kl. 08:00 til 22:00.

Fullorðnir handhafar árs- og mánaðarkorta mega hafa börn sín undir fermingu með sér í höllinni án þess að greiða fyrir þau. Börnin mega ekki vera ein í höllinni og eru þar ávallt á ábyrgð foreldranna.

Handhafar árs- og mánaðarkorta hafa aðgang að sal hallarinnar en ekki öðrum rýmum hennar.

Miðað er við að hver og einn sé ekki lengur en einn klukkutíma í höllinni í senn bíði aðrir eftir því að nota höllina.

Heimilt er að fjórir ótengdir aðilar þ.e. handhafar árs- og mánaðarkorta séu í höllinni í einu.

Þeir sem keypt hafa einkatíma í höllinni hafa hana einir til umráða.

Notendur hallarinnar skulu ganga snyrtilega um m.a. þrifa upp hestaskít eftir sína hesta og annað rusl. Verði notendur uppvísir að slæmri umgengni er stjórn hallarinnar heimilt að banna þeim afnot af höllinni. Séu þeir búnir að greiða fyrir afnot af höllinni fram í tímann fá þeir það ekki endurgreitt.

Bæði notendur hallarinnar og gestir eru ávallt í höllinni á eigin ábyrgð.

Notendur hallarinnar skulu sýna hver öðrum tillitssemi og vera öðrum til fyrirmyndar í hvívetna.

Stjórn hallarinnar hefur ávallt heimild til að taka höllina undir sýningar eða aðra starfsemi og verða þá almennir notendur að víkja.

*Stjórn Seláss ehf.
(reidholl.is)*